



Hafnarfjörður

Reglur um greiðslur vegna dvalar barna úr Hafnarfirði há dagforeldrum

Gildir frá 1. janúar 2023

1. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að greiða mánaðarlega í ellefu mánuði á ári fjárhæð vegna dvalar barna úr Hafnarfirði há dagforeldrum. Dagforeldrar eiga val um að greiðsla á sumarmánuði falli til í júlí eða ágúst. Bæjarstjórn ákveður fjárhæð hverju sinni að fenginni tillögu fræðsluráðs.
2. Skilyrði fyrir greiðslum eru eftirfarandi
 - a. Að foreldri / forráðamaður og barn eigi lögheimili í Hafnarfirði
 - b. Að barn hafi náð níu mánaða aldri há dagforeldrum í sambúð þegar greiðsla hefst og 6 mánaða aldri há einstæðu foreldri og námsmönnum. Skila þarf inn staðfestingu skóla til daggæslufulltrúa sé um námsmenn að ræða.
 - c. Að viðkomandi dagforeldri hafi starfsleyfi samkvæmt reglugerð um daggæslu í heimahúsum.
 - d. Að barn sé slysatryggt.
 - e. Að þríliða samningur sé undirritaður af dagforeldri, foreldri/forráðamanni og samþykktur af daggæslufulltrúa.
3. Mánaðarleg greiðsla miðast við dvalartíma barns og er samkvæmt gildandi gjaldskrá Hafnarfjarðabæjar hverju sinni.
4. Greidd er viðbótar niðurgreiðsla til tekjulágra foreldra/forráðarmanna í samræmi við tekjuviðmið og gildandi gjaldskrá Hafnarfjarðarbæjar. Afsláttur er reiknaður út frá álagningu ársins á undan það er samtalan af stofni til útreiknings tekjuskatts og útsvars (reitur 2.7) og fjármagnstekjum samtals (reitur 3.10). Ef tekjur hafa breyst á árinu skal skila inn gögnum um tekjur sl. þriggja mánaða.
5. Systkinaafsláttur fæst þegar systkini sem eru samtímis há dagforeldri, í leikskóla eða í frístund. Annað barn fær 75% afslátt og þriðja 100% afslátt. Sótt er um systkinaafslátt í gegnum „Mínar síður“ á heimasíðu Hafnarfjarðar.

Samþykkt í bæjarstjórn

21.12.2022

Rósa Guðbjartsdóttir
bæjarstjóri